

Norðfirðingur

1. tölublað 2003

28.árgangur


Sólarkaffi

Hið árlega Sólarkaffi og aðalfundur
Norðfirðingafélagsins verða haldin
sunnudaginn 9. febrúar í
safnaðarheimili Bústaðakirkju.

Kaffið byrjar kl 1500.

Aðgangseyrir er 1000 kr.

Við skorum á norðfirskar valkyrjur að
taka nú til hendinni og baka fyrir
sólarkaffið.

ÍSLAND 
108 Reykjavík

29 JAN 2003

PP

Aðalfundarstörf

Á fundinum verður kosin ný stjórn. Stjórnarmenn hafa allir gefið kost á sér að sitja áfram í stjórninni, ef ekki koma fram fleiri framboð. Ef einhverjir vilja gefa kost á sér, hafið þá samband við formanninn. Dagskrá fundarins er: Skýrsla formanns, skýrsla gjaldkera, kosning stjórnar og önnur mál ef einhver eru.

Félagsstarfið

Síðastliðið sumar voru farnar nokkrar gönguferðir á vegum félagsins og mæltust þær vel fyrir. Nú þarf að fara að huga að dagskrá þessa árs og eru allar uppástungur vel þegnar. Eitt sem hefur komið er félagsvist, okkur þætti gott ef félagsmenn hefðu samband við okkur á sólarcaffinu og létu í ljósi áhuga sinn á þessu. Við biðjum um þetta til að geta gert okkur grein fyrir þátttöku á slíku spillakvöldi.

Úthlutun á sumarhúsi

Stefán Herbertsson í síma 551 1052 eða 6603392 (Tómas Hilmarsson 567 0667).

Úthlutunarreglur og verð

Sumarúthlutunartíminn er frá 1. júní til 1 September.

Yfir vetrartímann er hægt að fá leigðar heilar vikur eða helgar.

Páskavíkunni verður úthlutað sérstaklega en annars gildir reglan fyrstir panta fyrstir fá, yfir veturinn.

Þetta ár verður tekið á móti pöntunum til 1. apríl, þá verður farið yfir allar pantanir fyrir sumartímann og þá gildir að þeir sem hafa ekki fengið úthlutað áður ganga fyrir, en ef báðir eru jafn rétt háir gildir hlutkesti.

Úthlutun verður lokið 15 apríl, þá verður öllum tilkynnt um úthlutun og verða þeir sem fá úthlutað að staðfesta pöntun með greiðslu á leigunni fyrir 25 apríl annars verður vikunni úthlutað til annarra.

Aðeins skuldlausir félagar fá íbúðina leigða.

Verð

Sumartími 1 vika	15.000kr
Páskavikan	15.000 kr
Vetrartími 1. vika	12.000 kr
Vetrartími 1. helgi	6.000 kr

Félagsgjöldin

Við minnum enn á félagsgjöldin, án þeirra er ekkert félag.

Vilt þú gleðja ættingja og vini fyrir austan, þá eru blóm vel við hæfi.

Sendum heim VISA EUROCARD

Blómabúðin Laufskálinn

S.477-1212 Fax 477-1012

Kristín Brynjarsdóttir heima 477-1128

Pálmi Matthíasson vill koma því á fram færi að messa hefst kl 1400. í Bústaðakirkju. Eins og einhver sagði: Við nærumst ekki á brauðinu einu saman.

Félagsgjald 1000kr greiðist á:

reikning 0101-26-11959 Landsbankinn

Kennitala Norðfirðingafélagsins er 4902697119

Útgefandi: Norðfirðingafélagið, Dunhaga 17 108 R-vík.

<http://www.islandia.is/nordfjordur>

Formaður: Tómas Hilmarsson (567 0667)

Ritstjóri: Stefán Þór Herbertsson (551 1052)